

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK


> **SVALANDI!**

VIRK EFNI UNNIN ÚR ÍGILDI  
5000 LÍTRA AF HEITU LINDARVATNI.\*\*

**BIOThERM**  
**HOMME**

N°1 Á HEIMSVÍSU Í HÚDSNYRTIVÖRUM FYRIR HERRA\*

## AQUAPOWER rakagefandi andlitsgel



- Orka heitra linda, stein- og snefilefna og vítamína.
- Létt og frískandi geláferð.
- Fullkomlega rakafyllt og endurnýjuð húð.

\*Euromonitor 2010. Í valinni dreifingu. Tímabil 2009. \*\* Samansafnað í krem. Hreint seyði af Thermal Plankton.



Monitor TV tók þá Einar Bárðarson og Loga Geirsson tali í myndskreiði sem má sjá á [mbl.is](http://mbl.is). Þar má sjá meira um Karlaklefan.

# „Við komum þér í form gamli“

Logi Geirsson ætlar að megra Einar Bárðarson í nýjum vefþætti í Mbl sjónvarpinu.

Einar Bárðarson, útvarpsstjóri Kanans, hefur um árabil verið í þéttari kantinum. Nú hefur handbolta-hetjan Logi Geirsson tekið hann upp á arma sína og ætlar að koma honum í form í nýjum vefþætti sem er að hefja göngu sína í Mbl Sjónvarpi. „Markmiðið er að komast niður í 100,5 kíló,“ segir Einar en 100,5 er einmitt útvarpstíðni Kanans. Þátturinn hefur fengið nafnið Karlaklefinn og hefst sýningar í þessum mánuði. „Ég er nýgenginn til liðs við Kanann og ég vil hafa menn í mínu liði í toppformi,“ segir Logi sem tók á dögunum við stöðu sölu- og markaðsstjóra hjá fyrir-tækini. „Hingað til hefur engum tekist að koma Einari í form og ekki honum sjálfum heldur en ég er klár á því að mér muni takast þetta. Ég hef náð öllum mínum markmiðum hingað til og þetta er ekkert að fara að klikka,“ segir Logi kokhraustur.

## Sagaður í sundur?

Þótt verkefnið sé stórt er Logi hvergi smeykur. „Þegar ég var að ákveða hvort ég ætti að taka hann í gegn velti ég því fyrir mér hvort ég þyrfti ekki að saga hann í sundur til að ná honum niður í 100,5 kíló,“ segir Logi og þeir félagar hlæja báðir. Logi segist þekkja íþróttafraeðin út og inn og ætlar að beita allri sinni kensku til að fitusprengrja útvarpsstjóran. „Ég er menntaður einkaþjálfari frá ÍAK og nýkominn heim úr atvinnu-mennskunni þannig að ég kann þetta allt. Ég ætla að búa til mjög fjölbreytt og erfitt prógram. Hann er að fara að hlaupa upp á fjöll,“ segir Logi. Hver þáttur endar á vigtun og ef Einar hefur náð vikulegu markmiði sínu þarf Logi að gangast undir áskorun, annars öfugt.

## Fær ekki að spila með FH

Einar fullyrðir að hann sé tilbúinn að taka á því og staðráðinn í að grenna sig. „Það er kominn tími á að hleypa mjóga manningum út úr skápnum,“ segir Einar og kveðst eiga kort í helstu líkamsræktarstöðvum landsins. „Fæ ég ekki að spila líka? Fæ ég ekki FH-treyju?“ spyr Einar, en Logi leikur sem kunnugt er með handknattleikslíði FH í efstu deild. „Við skulum nú ekkert vera að fara út í það,“ segir Logi.



Mynd/Ómar

## Feitast í blaðinu

**Hver fer í Eurovision?** Spekingar spá í spilin fyrir úrslit söngvakeppninnar. >>>4

**Framhaldsskóla-sýningarnar** í ár. Hvað verður í boði hjá MA og Borgarfirði? >>>6

**Jógvan Hansen** í viðtali. Færeyingurinn með flauelsróddina elskar Ísland. >>>8

**Oroblu-myndabáttur** með Þóttu eftir Elísabetu Gunnars. >>>12

**Nilli** er í Lokaprófinu. Hann vill láta kalla sig Nillvélna og á yfir 50 grúppur. >>>14

## Efst í huga Monitor

# M Júróvisjónbrjálæðið hefst

Það væri fráleitt ef eitthvað væri efst í huga Monitor þessa dagana annað en úrslitin í Söngvakeppni Sjónvarpsins um helgina. Eins og vanalega ríkir gríðarleg spennan fyrir keppninni því sigurvegurinn verður jú fulltrúi þjóðarinnar í Júróvisjón þetta árið. Þegar Júróvisjónlagið hefur verið valið hefst gífurleg Júróvisjónþróunarvinna og hönnun Júróvisjónatriðisins sem skiptir ekki minna máli en lagið sjálft.

Hvað er það sem gerir gott Júróvisjónatriði? Hvaða þættir raka inn Júróvisjónstígum? Þetta eru spurningar sem þarf að finna svör við til að kokka upp hið fullkomna Júróvisjónatriði í ár. Oft hefur verið sagt að nekt selji og í keppni á borð við Júróvisjón á það svo sannarlega við. Einnig þarf lagið að vera Júróvisjóngrípandi og Júróvisjónbúningar sem gleðja augað eru mikilvægir.

Júróvisjónsdans, Júróvisjóndill og Júróvisjóntúlkun flytjanda eru atriði sem þarf að hafa á hreinu áður en stigið er á Júróvisjónsviðið en Júróvisjónútgelsunin skiptir líka öllu máli.

Monitor óskar keppendum helgarinnar góðs gengis. Ljóst er að sama hvaða Júróvisjónslag sigar um helgina er mikil Júróvisjónvinna eftir og skemmtilegir Júróvisjónmánuðir framundan fyrir Júróvisjónsjúka. Þeir sem hafa hins vegar ekki gaman af Júróvisjón þurfa líklega að loka sig inni til að komast hjá Júróvisjónumfjöllun nú þegar enn eitt Júróvisjónsvorið er hafð.



## Monitor mælir með

### FYRIR TÆKNITRÖLL

Ef þú þarft að gera við Macbókina þína, stilla inn einhverja snilld í iPhone-inn þinn eða bara kaupa þér nýtt Apple-dót á topppris þá er málið að skunda í einu tölvuverslunina á Laugaveginum því strákarnir í Macland taka alltaf vel á móti þér.



### I MALLAKÚTINN

Þeir sem vilja gera sér glaðan dag ættu að skella sér í brunch í Turninum. Á boðstólnum er allt sem hugurinn gírnist og mælum við með að mæta virkilega svangur á staðinn. Til dæmis væri hægt að borða sem minnst daginn áður til að spara magapláss og í leiðinni nokkrar krónur.

### TIL HÁTÍÐARBRIGÐA

Það er alltaf gaman að punta sig og fyrir sérstök tilefni er gaman að vera finni en vanalega. Til að gera föröðunina sparilegri er sniðugt að skella á sig gerviaughárur sem eru til í ýmsum stærðum og gerðum. Hárin og lím til að festa þau fást í snyrtivöruverslunum og í næsta apóteki.



## Vikan á...

# facebook

**Ingólfur Þórarinnsson**  
Þá veit ég hvað ég skýri son minn. Elvis Ingólfsson. Þjóðlegt nafn með nýmóðins ívafi.  
8. febrúar kl. 19:10

**Tobba Marin-ósdóttir** poppar handa vinnufélögunum og mánudagurinn verður skyndilega mun betri!  
7. febrúar kl. 16:13

**Gunnar í Krossinum Þorsteinsson**  
Konan er komin heim....heima er best.  
7. febrúar kl. 22:59

**Sóli Hólm**  
Ég get eiginlega ekki sagt að ég hati Torres. Vorkenni honum miklu frekar.  
6. febrúar kl. 20:50

**Arnar Grant**  
man alltaf eftir smáfuglum á veturna ;)  
4. febrúar kl. 17:30

**Auðunn Blöndal**  
þarf smá hjálp herna. Er ekki allir herna sammála því að Leo var kominn heim í Inception? Kringlan var að fara að stoppa á borðinu! unglungurinn á heimilinu er ekki á því...  
7. febrúar kl. 22:57

# Hver fer til Þýskalands?

Úrslitin í **Söngva-keppni Sjóvarpsins** fara fram um helgina. **Monitor** fékk þrjá Eurovision-spaka aðila til að tjá sig um lögin.



## Skandall ef Eldgos vinnur

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir, blaðamaður, er forfallinn Eurovision-aðdáandi og hefur tvisvar sinnum farið út að horfa á keppnina, fyrst til Aþenu 2006 og svo aftur til Osló í fyrra. Hún segir að þjóðin geti verið mjög sáttt við sitt ef Jóhanna Guðrún eða vinir Sjonna Brink fara til Düsseldorf en hún telur þó að lag Jógvans sé nútímalegast og myndi líklega vegna best. Hún segir hins vegar að það yrði skandall ef Eldgos myndi sigra.



## Vildi sjá meiri elektróníska tónlist

Haffi Haff fangaði fyrst almennilega athygli Íslendinga þegar hann tók þátt í Söngva-keppni Sjóvarpsins með laginu Wiggle Wiggle Song árið 2008. Hann segir að þótt lögin sem keppi núna séu falleg og listamennirnir góðir þá skilji hann ekki hvers vegna Íslendingar sendi ekki eitthvað nýtt, eins og til dæmis elektróníska tónlist. „Við gætum sigrað heiminn ef við gerðum það,“ segir hann. Persónulega er hann hrifnastur af lögunum Aftur heim og Ég lofa en hann grunar samt að Jóhanna Guðrún ætti líklega bestu möguleikana á að ná langt í Düsseldorf.



## Skemmtilegasta lagið ekki endilega besta lagið

Amar Eggert Thoroddsen, blaðamaður, er einn mesti tónlistarspekúlant Íslands og hefur skoðanir á flestu er við kemur tónlist. Honum finnst lagið Eldgos skemmtilegasta lagið en hann vill samt ekki meina að það sé besta lagið. Bestu lögin séu Ef ég hefði vængi í flutningi Halla Reynis og Ég lofa í flutningi Jógvans. Hann segir jafnframt að hinn vinalegi og alúðlegi Jógvan sé aðili sem væri skemmtilegt að setjast með yfir bjór.



„Þetta lag er alltof passívt fyrir Eurovision.“

„Þetta er fullkomlega íslenskt lag og frábært fyrir það. Það væri frábært á Þjóðhátíð en ég er ekki viss um að það myndi standa nógu mikið upp úr í Eurovision. Maður veit samt aldrei.“

**Uppáhald**  
„Mjög gott lag. Trúbadúrataugar Halla njóta sín vel í laginu, viðlagið er flott og grípandi, flutningurinn látleus og einfaldur. Spurningin er bara þessi, er þetta nógu Evróvisjónlegt til að komast áfram?“



„Það vinnur á en myndi ekki henta á sviðinu í Düsseldorf.“

„Ég elska hana og hún er stórkostlegur söngvari og frábær manneskja. Og lagið er líka mjög falllegt. Ég hef samt örlitlar áhyggjur af því að það sé aðeins of rólegt. Hún flytur það samt rosalega vel.“

„Erna er frábær söngkona og bjargar því sem bjargað verður hér. Lagið er nefnilega alls ekki nógu sterkt, of sérkennalaus ballaða. Það vantar fleiri toppa og meiri dramatík.“



„Mér finnst hún náttúrulega frábær flytjandi og lagið verður líka skemmtilegra eftir því sem maður heyrir það oftar. Það minnir mig samt svolítið á Nætur með Siggú Beinteins. Hún væri náttúrulega frábær en hún þarf sterkara lag til að fara aftur út finnst mér.“

**Líklegast til árangurs úti**  
„Lagið er mjög falllegt og Jóhanna er auðvitað frábær listamaður. Ég kann mjög vel að meta hana. Ég er samt ekki viss hvers vegna hún vildi snúa aftur svona snemma. Hún stóð sig svo frábærliga síðast að hún þarf ekki að vinna þessa keppni. En kannski mun það hjálpa að fólk man eftir henni.“

„Svipað dæmi hérna. Stórkostleg söngkona en fremur litlaus lagasmíð. En hver veit, Jóhanna tók Is it True í hæstu hæðir hér um árið, en það lag virtist hálf snautlegt í undankeppninni.“



„Mér finnst þetta lag bara hræðilegt. Það yrði bara hræðilegur skandall ef við myndum senda það.“

„Það er virkilega áhugavert! Það er svona yfir-dramatískt og ég verð að viðurkenna að ég hef svolítið gaman af því. En viljum við virkilega vera að rifja upp þetta eldgos sem setti samgöngur heillar heimsálfu í rúst? Ég er alls ekki viss um það.“

„Þetta lag er auðvitað algjör snilld. Sturluð snilld. Fer viljandi marga hringi en svei mér þá, maður er farinn að humma lagið af krafti! Það er svo mikill Rammstein í þessari þjóð.“



**Uppáhald**  
„Það er lagið sem mér finnst að eigi að fara út. Hann er bara svo ótrúlega sjarmerandi. Mér finnst lagið kannski ekki alveg fullkomið en ég held að það sé hægt að gera það mjög gott.“

**Uppáhald**  
„Minnir mig á Killers og Coldplay og það er mjög áhrifaríkt. Ég held að hann langi virkilega mikið til að taka þátt í þessari keppni og er tilbúinn að leggja sig allan fram til þess. Þetta er mjög gott lag fyrir hann. Það er kraftmikið en líka ljúft í upphafi, svo honum tekst að tengja við áhorfendur. Þetta er algerlega einn af aðalkeppendum.“


**Uppáhald**  
„Ég er ánægður með Jógvan. Hann er svona gaur sem maður væri til í að drekka bjór með, ef ég gerði slíkt, vinalegur og alúðlegur og það smitast út í flutninginn. Lagið er ekta Evrólag, stórt og mikilúðlegt, með hækkunum og öllu draslinu. Og fantavel flutt af Jógvan.“



„Magni ætti vel heima í Eurovision og ég held hann myndi pottþétt vekja mikla athygli. En ekki með þetta lag.“

„Ég fíla Magna mjög mikið og það hvernig hann breyttist svona mikið þarna fyrir nokkrum árum. En miðað við hvað lagið er dramatískt þá finnst mér vanta meira „show“. Ég vildi helst sjá hann alveg brjáláðan í hlýraból og sannfæra okkur að hann „trúi á betra líf“. Hann þarf að fara alla leið með svona lag, þá nær hann til áhorfenda.“

„Magni er eins og stúlkurnar sem ég hef rætt um, söngvari í heimsklassa en þetta lag er ósköp flatt og leiðinlegt. Mjög formúlukennt og eiginlega hálf þunglamalegt. Magni gerir sitt besta þó.“



**Líklegasti sigurvegarinn**  
„Þetta er rosalega sætt lag og ég yrði ekkert ósátt þótt það færi út. Þetta eru sætir strákar og það væri gaman að sjá þá á sviðinu og þeir myndu örugglega skemmta sér bráðvel í Düsseldorf. Ég yrði ekki hissa ef það yrði fyrir valinu, en ég veit ekki hvort því myndi vegna vel í keppninni.“

**Uppáhald**  
„Þarna eru komnir frábærir listamenn sem við elskum öll og við söknum auðvitað eins. Það er erfitt að vita hvort fólk kjósi lagið í samúðarskyni eða fyrir lagið sjálft. Hver sem útkoman verður þá finnst mér þetta frábært lag. Ég fæ gæsahúð þegar ég heyr þad og það snertir mig mikið.“

**Líklegasti sigurvegarinn**  
„Glaðlynt lag og skemmtilegt og það virkar, alveg eins og Rennibrautin hans Sjonna í fyrra. Það er „lige glad“ danskur keimur yfir því, nett „Vaudeville“ líka og það er ofsagrípandi. Strákarnir fluttu þetta líka mjög skemmtilega.“

VERÐDÆMI  
M2R JAG HJÁLUR  
NÚ 24.132,-  
ÁÐUR 40.220,-



20-40%  
AFSLÁTTUR  
AF HJÁLUM

# UTSALA

ALLT AD 70% AFSLÁTTUR

20-50%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
LEÐURGÖLLUM

VERÐDÆMI  
RST TÚPUGALLI  
NÚ 103.992,-  
ÁÐUR 129.990,-



30%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM ELDRI  
MOTORCROSS-  
GÖLLUM

VERÐDÆMI  
SPECTRUM BUXUR  
NÚ 8.538,-  
ÁÐUR 12.197,-



20%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
ONE INDUSTRIES  
FATNAÐI

VERÐDÆMI  
ONE HETTUPEYSA  
NÚ 6.320,-  
ÁÐUR 7.900,-



30%  
AFSLÁTTUR  
AF WRP FATBAR  
STÝRUM MEÐ  
KLEMMU

VERÐDÆMI  
WRP FATBAR STÝRI  
NÚ 20.960,-  
ÁÐUR 29.900,-



25%  
AFSLÁTTUR  
AF ONE INDUSTRIES  
LÍMIDASETTUM

VERÐDÆMI  
Á AFTURBRETTI  
NÚ 2.454,-  
ÁÐUR 3.273,-



25%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLU  
ACERBIS PLÁSTI

VERÐDÆMI  
ACERBIS BRETTI  
NÚ 4.425,-  
ÁÐUR 5.900,-



1.990 kr.  
ALLIR DVD  
DISKAR



30%  
AFSLÁTTUR  
AF SLEDNECK  
VÉLSLEÐAGÖLLUM

VERÐDÆMI  
SLEDNECK JAKKI  
NÚ 15.876,-  
ÁÐUR 22.681,-



20%  
AFSLÁTTUR  
AF CKX  
VÉLSLEÐAGÖLLUM

VERÐDÆMI  
CKX BUXUR  
NÚ 23.192,-  
ÁÐUR 28.990,-



## LUKKULEIKUR

Viðskiptavinir sem versla fyrir 5.000 krónur eða meira gefst kostur á að taka þátt í lukkuleik í Nitro um land allt, þar sem Znen Vespa að verðmæti 195.000 kr. er í vinning. Dregið verður úr leiknum 12. maí.

10% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM Í VERSLUNINI  
LIKA HJÓLUM!

N1

N1 VERSLUN

Bíldshöfða 9 Reykjavík. Sími 440 1220  
Opíð virka daga 8-18 og laugardaga 10-14.

N1 VERSLANIR: Akranes, Akureyri, Egilsstöðum,  
Grindavík, Hafnarfirði, Höfn, Ísafirði, Ólafsvík, Reyðarfirði,  
Reykjanesbær, Selfossi og Vestmannaeyjum.

NITRO

www.nitro.is

# Dark Side of the Moon í Borgarfirði



**ÓLAFUR BÝST VIÐ ROKK-STEMNINGU Í BORGARNESI**

**Leikrit:** Dark Side of the Moon.  
**Leikstjóri:** Bjartur Guðmundsson.  
**Danshöfundur:** Birna Kristín Ásbjörnsdóttir.  
**Frumsýning:** 24. mars í hátíðarsal Menntaskóla Borgarfjarðar.

Borgfirðingar ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur en þeir ætla að setja upp leikrit byggt á plötunni Dark Side of the Moon eftir Pink Floyd. Leikritið er frumsamið af leikstjóranum í samstarfi við leikhópinn og er að mestu leyti unnið í gegnum spuna. Enn er drjúgur tími í frumsýningu og á eftir að skipa í hlutverkin en aðstandendur segja sýninguna bæði verða stórskemmtilega og vekja áhorfendur til umhugsunar.

**ÓLAFUR ÞÓR JÓNSSON**  
 formaður leiklistarfélags  
 Menntaskóla Borgarfjarðar

**Er mikil aðsókn í leikfélagið?**  
 „Já, hún hefur verið nokkuð mikil. Það hafa verið um 40 manns að taka þátt í fyrstu æfingunum.“  
**Leynist mikið af hæfileikafólki í Borgarfirðinum?**  
 „Já, það er mjög mikið af hæfileikafólki hér.“  
**Áttu von á mikilli rokkstemningu í bænum í kringum frumsýninguna?**  
 „Já, ég býst við því. Og ég býst við því að mikið af eldra fólki sem þekkir þessa tónlist muni flykkjast á sýninguna. Bæði ungir og gamlir munu geta samsamað sig með verkinu.“  
**Hlustar þú á Pink Floyd?**  
 „Já, mjög mikið. Hugmyndin að þessari sýningu kom nú samt upphaflega frá leikstjóranum.“



**BJARTUR ER HRIFINN AF TÓNLISTINI**

**Bjartur Guðmundsson, leikstjóri sýningar Menntaskóla Borgarfjarðar**  
**Um hvað er sýningin?**  
 „Eins og platan þá fjallar leikritið um það hvað það er sem lætur fólk í rauninni klikkast. Ekki endilega verða geðveikt heldur hvaða hlutir eru svo firrtir í samfélaginu að það yfir því yfir brúnina. Og við ætlum að skoða þetta svoltið út frá leikhópnum, hvaða hlutir það eru í okkar samfélagi sem eru svo firrtir að þeir fá mann til að fara yfir mörkin.“  
**Hvers vegna ætti fólk að velja þessa sýningu?**  
 „Í fyrsta lagi þá er þetta frábær tónlist. Platan Dark Side of the Moon er enn þann dag í dag þriðja söluhæsta plata í heimi og er alger klassík. Tónlistin er hrikalega öflug og maður fer í svakalega rússbanaferð með því að hlusta á hana. Í öðru lagi þá mun þessi sýning eiga erindi við fólk í dag og þetta verður svoltið ádeila. Þannig ég held að við munum bæði hafa eitthvað fram á að færa og að þetta verði bara dundurgóð skemmtun!“

# FRAMHALDSSKÓLA-SÝNINGARNAR

Menntaskólarnir í landinu setja upp fjölmargar metnaðarfullar leiksýningar þetta árið. **Monitor** heldur áfram að kynna sér þær.

## Óstýrilátt hár á Akureyri

Það hafa allir upplifað svokallaða „slæma hárdaga“ en það fyrirbæri, og fleira sem plagað getur ungt fólk, kemur við sögu í leikritinu sem Leikfélag Menntaskólans á Akureyri setur upp í ár. Verkið er frumsamið og gengur undir vinnuheitinu Bad Hairday en aðalsöguhetjan glímir við stærri vandamál en óstýrilátt hár, nefnilega hvert hann eigi að stefna í framtíðinni.



**BESTA SÝNING MA. SEGIR BRYNDÍS**

**Bryndís Rún Hafliðadóttir, varaformaður Leikfélags MA.**  
**Um hvað er sýningin?**  
 „Þetta er þroskasaga stráks í 2. bekk í MA. Sagan gerist daginn fyrir 18 ára afmælið hans og hann hefur mjög stuttan tíma til þess að ákveða hvað hann á að verða og við hvað hann vill vinna í framtíðinni. Og honum finnst þetta allt saman koma aðeins of fljótt.“  
**Hvers vegna ætti fólk að velja þessa sýningu?**  
 „Vegna þess að þetta verður besta sýning sem MA hefur sett upp fram að þessu.“

**KAREN SEGIST LÍKJAST KARAKTERNUM SÍNUM**

**KAREN BJÖRG ÞORSTEINSDÓTTIR**  
 leikur Jóhönnu Öglu í leikriti LMA

**Aldur:** 17 ára.  
**Braut:** Félagsfræðibraut.  
 „Ég leik Jóhönnu Öglu sem er í klíku í skólanum sem einkennist af því að allir eru með mjög fjölbreytt og fyrirferðamikili hár. Henni finnst útlitið skipta meira máli heldur en gáfur og heldur að fallett fólk nái betri árangri.“  
**Áttu mikið sameiginlegt með karakternum?**  
 „Já, mjög mikið reyndar. Hlutverkið var eiginlega með mig í huga eftir að ég fór í prufu þannig við eignum mjög mikið sameiginlegt.“  
**Finnst þér þá útlitið skipta meira máli en gáfur?**  
 „Nei, við eignum það reyndar ekki sameiginlegt!“  
**Átt þú einhvern tímann slæma hárdaga?**  
 „Nei, aldrei!“  
**Ætlarðu að halda áfram í leiklist eftir menntaskóla?**  
 „Já, það er alveg öruggt!“

**Leikrit:** Bad Hairday (vinnuheiti).  
**Leikstjóri:** Guðrún Danielsdóttir (Garún).  
**Frumsýnt:** 18. mars í Rýminu.

[www.opticalstudio.is](http://www.opticalstudio.is)



Chrome Hearts M Baby Gray

Þar sem úrvalið er af sólgleraugum

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

▲▲ Ég lagði af stað út í þetta ævintýri, kláraði förðunina og endaði sem klippari og síðar sem söngvari á Íslandi.

viðtalið



# Líka hnakkar í Klaksvík

Færeyski flauelsbarkinn **Jógvan Hansen** söng sig inn í hjörtu landsmanna þegar hann sigraði X-Factor árið 2007. Jógvan ræðir við Monitor um lífið í Færeyjum, frægðina, Eurovision og hvernig það er að vera gagnkynhneigður klippari.

**Texti:** Sigyn Jónsdóttir  
**Myndir:** Golli

sigyn@monitor.is  
golli@mbl.is

Sjarmörinn Jógvan Hansen sigraði X-Factor keppnina árið 2007 og hefur síðan verið áberandi í íslensku tónlistarlífi. Hann gaf út sólóplötu eftir keppnina og hefur átt mörg vinsæl lög í útvarpinu. Um helgina keppir hann í úrslitum Söngvakeppni Sjóvarpsins en hann hefur tvisvar áður keppt í undankeppni fyrir Eurovision og gengið vel þó hann hafi aldrei komist alla leið. Það er nóg um að vera hjá Jógvani sem er söngvari í fullu starfi. Monitor náði tali af honum nýkomnum frá annasamri helgi í Vestmannaeyjum. „Það er alltaf dásamlegt að fara til Vestmannaeyja fyrir utan hvað það getur verið mikið vesen að komast þangað. Ég veit ekki hversu mörgum klukkustundum ég hef eytt í að ferðast til og frá Vestmannaeyjum,“ sagði Jógvan þreyttur eftir ferðalagið en þó jákvæður í garð eyjanna. „Það er reyndar svolítið heimilislegt fyrir mig þar sem ég er alinn upp í Færeyjum. Þar gátu samgöngurnar verið frekar erfiðar stundum og allt stjórnað af veðrinu.“

## Hvernig var að alast upp í Færeyjum?

Ég get varla lýst því hversu gott er að alast upp í litlu samfélagi. Á eyjunni minni búa um fimm þúsund manns og þar bjó ég alveg þar til ég var 25 ára með stuttum stoppum í Þórshöfn. Bærinn sem ég er frá heitir Klaksvík og þar búa flestir eyjaskeggjar en ég var mikið hjá ættingjum mínum í litlu þorpi þar sem búa bara 70 manns þegar ég var yngri. Ég er mjög þakklátur fyrir að hafa fengið að alast upp í þessu litla þorpi.

## Saknarðu einhvers þaðan?

Ég get ekki sagt að ég sakni neins nema fjölskyldu og vina. Ég vil hafa mikið að gera sem er ekki hægt í Færeyjum nema þú sért bestur í einhverju fagi og kunnir allt því viðkomandi. Samkeppnin er mjög hörð í svona litlu samfélagi og sérhæfing ekki mikil. Ég gat til dæmis ekki unnið bara við að gera permanent, maður þurfti að vera góður í öllu. Mér fannst ég því ekki vera að fá nóg borgað fyrir vinnuna mína. Á Íslandi get ég klippið fyrir fimmþúsund krónur en í Færeyjum hefði ég fengið þúsundkall fyrir sama verk.

## Er Klaksvík eins konar Selfoss Færeyja?

Já, ætli það sé ekki svipað. Það eru allar týpur þar, líka hnakkar, nema kannski færri af þeim. Það hefði kannski verið hægt að flokka mig sem þínu hnakka á sínum tíma í Klaksvík.

## Þekkjast allir í Færeyjum?

Já. Lífið á svona lítilli eyju er miklu flóknara en í stærri löndum sem gerir það að verkum að við erum öll svo næs hvort við annað. Það er umtalað hversu brosmildir og ljúfr Færeyingar eru en það er út af því að ef þú lendir upp á kant við einhvern er viðkomandi líklega tengdur nágranna þínum eða vini. Þess vegna reyna allir að halda sig frá vandræðum. Þeir sem gera eitthvað af sér fá fjótt að finna fyrir óþægindunum og þegar maður klúðrar einhverju fær maður að upplifa allan tilfinningagapakkann. Þetta er þroskandi en getur verið svolítið erfið.

**Byrjaðir þú snemma í tónlist?** Ég byrjaði að læra á fíðlu þegar ég var níu ára. Ég man að ég var veikur einn dag í skólanum og þegar ég mætti daginn eftir voru allir í bekknum byrjaðir að æfa á fíðlu nema ég. Þegar ég kom heim vildi ég að sjálfsgöðu líka prófa en endaði svo með að vera eini strákurinn sem hélt eitthvað áfram. Flestir hættu bara eftir hálf ár. Ég spilaði mikið af klassískri tónlist en fékk nóg af Bach, Beethoven og Mozart á ákveðnum tímamarki. Þá hafði ég kynnst mikið af fólki í skátunum og heillaðist af folk-tónlist. Það var ekki fyrr en ég byrjaði að spila á gítar að ég fór að hlusta almennilega á popp og rokk.

**Hvenær byrjaðir þú að syngja?** Þegar ég var svona 16 ára. Mér fannst ekki nógu skemmtilegt að spila bara á gítarinn svo ég söng oft með. Einu sinni var ég á leikæfingu að glamra og syngja og nokkrir strákar heyrðu í mér. Þeim fannst ég geta sungið og spurðu mig hvort ég vildi ekki vera í hljómsveitinni þeirra, Aria, sem vantaði einmitt söngvara. Á fyrstu æfingunni tókum við lagið sem ég hafði verið að syngja og svo spurðu þeir mig: „Kannstu einhver fleiri lög?“ Ég neitaði því enda kunni ég engin. Þá báðu þeir mig að taka bara eitthvað lag með Bítlunum og ég svaraði: „Hverjir eru það?“ Ef þeir hefðu beðið mig að spila Eine kleine Nachtmusik eftir Mozart hefði þetta verið auðvelt.

**Myndir þú segja að þú værir hinn færeyski Alexander Rybak?** I wish! Ég er alls ekki góður á fíðluna í dag þó ég kunni nóg til að skemmta mér og spila í partíum.

## Kom aldrei til greina að fara frekar í þungarokkið?

Það hefur aldrei heillað mig. Vissulega tók ég mitt tímabil og hlustaði á dauðarokk en ég gerði það bara því hinir strákarnir voru að hlusta á þetta. Ég skildi ekkert hvað þeir voru að syngja og óskra, hvort það var verið að syngja um djöfulinn eða Jesú.

**Þú skaust hratt upp á stjörnuhimininn í Færeyjum og gafst út fjórar vinsælar plötur þar. Hvað stendur upp úr?** Ég man sérstaklega eftir Ólafsvöku 1999. Við í Aria vorum síðastir á sviði og 4500 manns á tónleikum sem var rosalega mikið þá í Færeyjum. Það var ólýsanlegt fyrir okkur og virkilega gaman. Við vorum svo miklar stjórnur sem var skemmtileg tilfinning.

## Af hverju fluttir þú til Íslands?

Vinkona mín fékk þá hugmynd að við tvö myndum læra förðun. Við höfðum nýlokið við hárgreiðslunám- ið og hún var ólétt, ekki eftir mig samt. Hún vildi fara í eitthvað annað land og læra förðun sem er tiltölulega stutt nám og við vildum ekki fara of langt frá Færeyjum. Ég lagði af stað út í þetta ævintýri, kláraði förðunina og endaði sem klippari og síðar sem söngvari á Íslandi.

■ ■ **Þið talið bara svolítið skrítna færeysku.**

**Er Ísland fyrir Færeyingum eins og Danmörk fyrir Íslendingum?** Kannski ekki alveg því Íslendingar og Danir eiga ekki mikið sameiginlegt en Íslendingar og Færeyingar eru næstum því alveg eins. Það eina sem skilur á milli eru smá tungumálaörðugleikar sem tæki enga stund að laga væri vilji til að tengja löndin betur. Færeyingar fara mikið til Danmerkur því þar eru svo góð kjör fyrir námsmenn, sérstaklega danska ríkisborgara. Ég held að langflestir þeirra fari þó heim aftur til Færeyja en þeir sem koma til Íslands setjast hér að. Mér líður svo vel hér og hef enga löngun til að fara aftur heim. Ísland er alveg eins og Færeyjar, bara stærra og hér eru miklu fleiri tækifæri. Ég er með fjöllin, fiskilyktina, snjóinn og kuldann. Þið talið bara svolítið skrítna færeysku.

## Var markmiðið að meika það í tónlistinni hér?

Alls ekki. Ég var eiginlega hættur í þeim bransa. Hara- stelpurnar skráðu mig gegn vilja mínum í X-Factor. Ég hafði þá verið að syngja í einu og einu brúðkaupi hér á landi hjá fólki sem ég þekkti. Mér leist ekkert á að gera mig að fífla fyrir framan alla íslensku þjóðina og þó mér sé sama hvað fólk segir um mig vildi ég kannski ekki vera á útöppun í sjónvarpinu í nýju landi. Þetta var mjög stórt stökk fyrir mig hér á landi þó ég hafi verið mjög vanur að koma fram bæði í sjónvarpi og annars staðar.

## HRADASPURNINGAR

**Uppáhalds Eurovision-lag?** Nocturne sem er norskt Eurovision-lag frá árinu 1995.

**Uppáhaldshárgreiðsla?** James Dean.

**Uppáhaldstónlistarmaður?** Sting.

**Uppáhaldsmatur?** Skerpukjöt.

**Uppáhaldskvikmynd?** Seven.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur?** True Blood.

**Fyndnasti Færeyingurinn?** Frændi minn, Hans Hjalti Skaale.

**Það besta við Færeyjar?** Tíminn stendur í stað.

**Það versta við Færeyjar?** Tíminn stendur í stað.



**Þú sigraðir X-Factor með 70% atkvæða. Hvernig var tilfinningin?** Þetta var ómetanlegt og ég mun aldrei skilja af hverju þetta fór svona ótrúlega vel.

## Hversu sigurviss ertu fyrir helgina?

Þegar ég fer í keppni horfi ég hvorki niður né upp. Málið er ekki endilega að vera á toppnum ef maður vill lifa á listinni. Þetta er ekki spurning um að vera frægastur eða vinna mest heldur að geta skapað sér vinnu. Þegar ég lít á keppinauta mína sem eru reyndar allir vinir mínir finnst mér ég eiga jafnmikla möguleika og hinir á að sigra.

**Hvaða lag er best í úrslitakeppninni að þínu undanskildu?** Ég vil ekki segja það því ég ætla ekki að auglýsa eitt einasta lag nema mitt eigið.

## Hvernig hyggst þú sigra Eurovision komist þú áfram í lokakeppnina?

Ég sé ekki endilega fram á að vinna en ég er fullviss um að ég væri góður fulltrúi íslensku þjóðarinnar í þessari keppni. Þegar ég horfi á atriðin í Eurovision finnst mér skipta máli að viðkomandi aðili sé þjóð sinni til sóma. Keppnin er svo mikil pólitík svo það er því miður ekki alltaf besta atriðið sem vinnur. Hvað myndi Ísland líka gera ef við myndum óvart vinna einn daginn?

## Ertu mikill aðdáandi keppinnar?

Ég elska Eurovision. Ég gerði mér ekki grein fyrir þessari aðdáun minni fyrr en ég flutti hingað en ég hef alltaf fylgst með keppninni því systir mín horfði alltaf á þetta.

## Er keppnin vinsæl í Færeyjum?

Ég hugsá að keppnin sé orðin vinsælli eftir að Færeyingar fóru að taka þátt í undankeppninni á Íslandi. Hún er samt ekki jafn vinsæl og hér.

## Varst þú orðinn þreyttur á að bíða eftir að Færeyingar fengju að taka þátt í Eurovision?

Því miður hefur ekki enn farið Færeyingur í Eurovision og ég væri alveg til í að vera fyrstur, það væri toppurinn. Ég myndi samt alltaf keppa sem færeyskur Íslendingur færi ég fyrir hönd Íslands.

## Þekkir þú Brand Enna?

Ég þekki hann mjög vel enda spiluðum við mikið í Færeyjum á svipuðum tíma og sungum meira að segja saman í verkefni sem hét Kular Røtar. Á þeim tíma var barnastjórnuæði í heiminum og þau Jóhanna Guðrún að slá í gegn. Ég var orðinn tvítugur og því alltof gamall.

## Ert þú stórstjarna í Færeyjum?

Ég hef alltaf verið í tónlistinni og mikið í leikhúsinu. Þegar ég var 16 ára byrjaði ég að syngja með hljólm-

sveitinni Aria sem var mjög vinsæl í Færeyjum. Ég fæ enn kjánahroll við að skoða myndir frá þessum tíma en einn daginn mun ég hlæja að þessu með afabörn-unum. Ég var þekktur fyrir tónlistina en svo var ég líka karlkyns klippari. Það vakti mikla athygli enda var ég einn af þremur slíkum á eyjunni. Það þótti ekki mjög karlmannlegt og ýmsir orðrómur komust á kreik.

**Hefur fólk dregið í efa að þú sért gagnkynhneigður vegna starfsins?** Um 70% karlkyns klippara eru samkynhneigðir svo það er eðlilegt að fólk álykti að ég sé það líka. Auðvitað fékk ég á mig einhver skot um að ég væri hommi en það hefur aldrei pirrað mig. Mér hefur alltaf staðið á sama hvað fólk segir um mig og það hefur aldrei komið til greina að hætta við eitthvað út af því hvernig fólk gæti talað um það. Aftur á móti er mér ekki skítsama hvað ég gef af mér. Það er kannski ástæðan fyrir því að fólk kippir sér ekki upp við að ég sé gagnkynhneigður karlkyns klippari þó einhverjir durgar kalli mig kannski hommatitt eða eitthvað svoleiðis.

**Hvað ertu að gera núna? Ertu hættur að klippa?** Ég hætti að klippa og kláraði háskólabrúna hjá Keili en núna er ég bara að syngja og vinna sem tónlistarmaður. Í raun og veru er ég að lifa drauminn minn sem er frábært. Ég er að vinna í næstu plötu sem kemur vonandi út á næsta ári en það er aldrei að vita, þetta gerist hægt og rólega.

**||** *Fólk kippir sér ekki upp við að ég sé gagnkynhneigður karlkyns klippari þó einhverjir durgar kalli mig kannski hommatitt eða eitthvað svoleiðis.*



ÍSLENSKA

# HAMBORGARAFABRIKKAN



# HEIÐAR

ER LENTUR Á HAMBORGARAFABRIKKUNNI

Heiðar er ómótstæðilegur gæsaborgari.

Alíslensk heiðagæs með sætum perum, villiblaðberjasultu og rjómaosti.

Borinn fram frönskum kartöflum.

Heiðar er engum líkur og aðeins í boði á Þorranum  
- á meðan birgðir endast.

**Ath! Varist högl. Án gríns.**



*Latibær er kominn  
í DVD tækin fyrir börnin*

Latibær® & © 2010 Latibær ehf.  
Öll réttindi áskilin.

## BORÐAPANTANIR

Í síma 575 7575  
og á [fabrikkann@fabrikkann.is](mailto:fabrikkann@fabrikkann.is)

## ÓKEYPIS DVD Á MÁNUDÖGUM

Alla mánudaga í febrúar fylgir ókeypis Fabrikku  
DVD diskur\* með barnaefni með hverri seldri  
máltíð á meðan birgðir endast.

\* Athugið: Ekki Latibæjardiskur.

## FLJÓTLEGT Í HÁDEGINU

Meðalbiðtími eftir mat á  
Fabrikkunni er aðeins 8 mínútur  
frá því að pöntun er tekin

2010

Háir hælur voru fundnir upp af konu sem hafði verið kysst á ennið – Christopher Morley



BLEIKI LITURINN ER STELPULEGUR OG SÆTUR



PATTRA MINNIR Á GEISHU Á MYNDINI



EFNIÐ FYRIR HNÉN KEMUR VEL ÚT

# Tískupáttur Oroblu

**Stíllinn** sýnir hér brot úr nýjum fallegum tískupætti fyrir **Oroblu** sokkabuxur.

**Myndir:** Elísabet Gunnarsdóttir

**Vinnsla:** Saga Sig

**Förðun:** Karolina Johansson

**Módel:** Pattra Sriyanonge



SNIÐUGT AÐ KLIPPA SAMAN SOKKABUXUR



SÆT OG SEIDANDI Í SÆNSKRI NÁTTURU

## 60 SEKÚNDUR MEÐ ELÍSBETU

Er erfitt að hafa svona mikið að gera og vera móðir samhliða því? Það er ekki erfitt en það er krefjandi og krefst skipulags.

**Hvers vegna ákvaðstu að flytja til Svíþjóðar?**

Maðurinn minn fékk samning hér í handboltanum og við mæðgur fylgdu með.

**Hvað er það besta við Svíþjóð?**

Fjölskyldumeningin sem hentar okkur litlu fjölskyldunni svo vel og að sjálfsgöngu allar finu búðirnar „mínar“.

**Hver er uppáhalds sænska búðin þín?**

Litla apabúðin mín, Monki, Mirorna sem er eins konar Góði hirðir Svíþjóðar og svo er H&M auðvitað uppáhald allra.

**Hvað er uppáhaldsmerkið þitt?**

Í dag er svo mikið af hæfileikafólki í þessum geira. Ég fell því meira fyrir einstökum flíkum hönnuða heldur en að eiga mér uppáhalds tískumerki.

**Hver er fyrirmyndin þín í lífinu?**

Þabbi minn.

**Hefurðu lent í erfiðum viðskiptavinum?**

Oft og mörgum sinnum en ekki nýlega.

**Hvers saknar þú mest við Ísland?**

Bestu vinkvenna mínna og fjölskyldu.

Ég er svo rík af frábæru fólki.



ELÍSBET ER ALLTAF FLOTT KLÆDD OG VEIT HVAÐ ER Í TÍSKU

## Alltaf í fatabúðum

Elísabet Gunnarsdóttir er búsett í Svíþjóð og heldur utan um vefinn [www.elisabetgunnars.tk](http://www.elisabetgunnars.tk). Auk þess tekur Elísabet að sér ýmis verkefni á borð við ljósmyndun og stílliseringu.

**Elísabet Gunnarsdóttir**, stílisti, hefur verið í samstarfi með Oroblu í um það bil ár og sá hún meðal annars um að stílísera tiskusýningu fyrir merkið síðasta haust. Sýningin fékk góð viðbrögð og var önnur haldin núna um daginn. Myndaþáttinn hér að ofan gerði Elísabet ásamt góðu teymi fyrir Oroblu.

### Persónulegur „shopper“

Elísabet hefur gert góða hluti á veraldarvefnum en hún býr í Svíþjóð og býður Íslendingum upp á sérstaka þjónustu í gegnum heimasíðu sína. „Ég býð Íslendingum upp á að vera þeirra persónulegi „shopper“ í sænskum verslunum,“ segir Elísabet.

Á síðunni hennar er hún dugleg að koma með hugmyndir að góðum kaupum og setur hún til dæmis alltaf inn á síðuna flíkur sem hún fjárfestir sjálf í. „Þetta hentar ótrúlega vel í því ástandi sem ríkir heima núna þar sem fólk er mun minna að skella sér út í verslunarferðir eins og tíðkaðist áður,“ segir Elísabet.

### Nýr vefur væntanlegur

Næst á dagskrá hjá Elísabetu er splunkuný heimasíða þar sem ýmsar breytingar og nýjungar verða gerðar. „Ég er einnig að undirbúa aðra töku fyrir Oroblu sem verður með öðru sniði en hinar fyrri. Fyrir utan það þá er það auðvitað bara að halda áfram að afgreiða kaupglaða Íslendinga sem og halda heimasíðunni lifandi og skemmtilegri,“ segir Elísabet létt.




ÚR PÖNKHEIMUM geir@monitor.is

## „Survival Kit“ fyrir karlmenn

Þetta eru hlutir sem allir karlmenn þurfa að eiga að mati Geira Pönks.

Þar sem kuldinn hérna á Íslandi og vind-

urinn fer illa með húðina okkar og hárið, er nauðsynlegt að eiga gott rakakrem og gott sjampó og næringu með góðum raka í.



**Varasalvi.** Það vill enginn sjá varir sem eru uppþornaðar eins og líúð varadekk af Bronco.



**Góðir kulda-skór eða „boots“**

með grófum sóla. Svo þú þurfir ekki að bíða í heilan dag uppi á slyso af því þú fóst í tjútskónum með ruslið og endaðir með andlitíð í gótunni.



### Nefháraklippur.

Það finnst engri stelpu sexy að sjá einhver löng og gróf nefhár stingast út úr nösunum á þér.

**Góður rakspíri** sem fer þér vel. Biddu vinkonur þínar um álit og prófaðu þig áfram.



### Kúl taska.

Undir öll herlegheitin og annað sem þú vilt hafa með þér.

# kvikmyndir

True Grit er endurgerð á samnefndri kvikmynd frá árinu 1969. Þá lék John Wayne aðalhlutverkið.



ÞETTA ER EKKI AUGLÝSING  
FYRIR STURTUSÁPU

## Frumskýningar helgarinnar

### Another Year

**Leikstjóri:** Mike Leigh.  
**Aðalhlutverk:** Jim Broadbent, Ruth Sheen og Lesley Manville.  
**Lengd:** 129 mínútur.  
**Dómar:** IMDb: 7,9 / Metacritic: 8,0 / Rotten Tomatoes: 92%.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Kvikmyndahús:** Bíó Paradís.  
Hjónum hefur tekist að varðveita hamingjuna í sambandinu í gegnum súrt og sætt. Í kringum þau er þó fólk sem er ekki eins ánægt.



### Just Go With It

**Leikstjóri:** Dannis Dugan.  
**Aðalhlutverk:** Adam Sandler og Jennifer Aniston.  
**Lengd:** 110 mínútur.  
**Dómar:** Engir dómar komnir.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.  
Lýtalæknir fellur fyrir mun yngri konu og fær aðstoðarkonu sína til að þykjast vera sín fyrrverandi.



### Yogi Bear

**Leikstjóri:** Eric Brevig.  
**Aðalhlutverk:** Dan Akroyd, Justin Timberlake og Anna Faris.  
**Lengd:** 80 mínútur.  
**Dómar:** IMDb: 3,7 / Metacritic: 3,5 / Rotten Tomatoes: 14%.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin.  
Prívíddarmyndin Yogi Bear endurnýjar kynni okkar af hinum ástsæla grábirni Jóga og vinum hans.



### True Grit

Myndin gerist árið 1877 í Arkansas. Mattie Ross (Steinfeld) er 14 ára gömul þegar faðir hennar er myrtur á hrottalegan hátt. Mattie vill tafarlausa hefnd og leitar til hins gamalreynda og grjótharða mannaveiðara Cogburn (Bridges). Myndin hefur hlotið 10 tilnefningar til óskarsverðlaunanna.  
**Leikstjóri:** Ethan Coen og Joel Coen.  
**Aðalhlutverk:** Jeff Bridges, Matt Damon og Hailee Steinfeld.  
**Lengd:** 110 mínútur.  
**Dómar:** IMDb: 8,2 / Metacritic: 8,0 / Rotten Tomatoes: 95%.  
**Aldurstakmark:** 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Laugarásbíó og Sambíóin.



## Popp-korn

Tökumaðurinn að Black Swan, Matthew Libatique, segir í nýlegu viðtali að Íslendingurinn Ólafur Elíasson og uppsetning hans, The Weather

Project, sem hann gerði í Tate Modern safninu í London hafi veitt mikinn innblástur við tókur á ballettsenum myndarinnar. Myndatakan í Black Swan er einmitt tilnefnd til óskarsverðlaunanna.



Leikstjórar kvikmyndarinnar Little Miss Sunshine frá árinu 2006 eru með nýja mynd í bígerð. Leikarinn Paul Dano sem lék litblinda unglínginn í Little Miss Sunshine mun fara með aðalhlutverkið í kvikmyndinni sem ber nafnið He Loves Me og segir frá ungum rithöfundum sem slær í gegn en fær svo ritstíflu. Til að sporna við stíflunni skrifar hann um draumaprinsessuna sína sem hann kynnist svo í alvörinni.



#### KVIKMYND



### Black Swan

**Leikstjóri:** Darren Aronofsky.  
**Aðalhlutverk:** Natalie Portman, Mila Kunis og Vincent Cassel.  
**Lengd:** 103 mínútur.  
**Dómar:** IMDb: 8,6 / Metacritic: 7,9 / Rotten Tomatoes: 88%.



BLACK SWAN FJALLAR UM  
BALLETTERINNA NINU SEM FÆR  
AÐALHLUTVERKIÐ Í SVANAVATNINU  
OG ÁLAGIÐ SEM FYLGIR Í KJÖLFARIÐ

## Kvikmyndaupplifun í hæsta gæðaflokki

Ég var gjörsamlega búinn á því þegar myndin endaði. Sat bara í bíósætinu dofinn. Ætli þetta sé ekki bara ein magnaðasta mynd sem ég hef séð í langan tíma. Hún gengur alveg fullkomlega upp. Uppbyggingin, takturinn, leikurinn, tónlistin, handritið, já bara allt gengur upp. Natalie Portman er ótrúleg leikkona. Mér hefur alltaf fundist hún fínasta leikkona en eftir þessa mynd þá sér maður virkilega hvað í henni býr. Hún hlýtur að fá óskarinn, trúir ekki öðru. Mila Kunis og Vincent Cassel eru líka virkilega góð sem og Barbara Hershey sem leikur móður Ninu. Allt vel skrifaðir karakterar sem komast vel til skila. Mér finnst samt alltaf smá skritið að heyra Milu Kunis tala í eigin persónu en hún talar auðvitað fyrir Meg í Family Guy og eins og margir vita hefur Meg greyið ekki alltaf átt sjö dagana sæla.

#### Tekur mikið á

Já, myndin tekur mikið á og er það eitt af því sem gerir hana svona magnaða. Hún er miklu meira að taka mann á taugum sálfræðilega heldur en með einhverjum viðbjóði sem gengur fram af manni. Það er unnið miklu meira með aðra þætti eins og kvikmyndatöku, tónlist, leik og uppbyggingu. Allt þetta heldur manni í heljargreipum frá upphafi til enda.

Allir sem hafa einhvern snefil af kvikmyndaáhuga mega ekki láta þessa mynd framhjá sér fara. Kvikmyndaupplifun í hæsta gæðaflokki. Farið á Black Swan.

Kristján Sturla Bjarnason

## HLEÐSLA 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN



PRÓTEINDRYKKURINN SEM  
ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF  
NÚ EINNIG FÁANLEGUR Í FERNU



HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á  
HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU,  
LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN  
AÐ ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF HLEÐSLU.  
HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSÝKURSÓPOL.

MJÓLKURSAMSALAN

WWW.MS.IS

**SÓDÓMA**  
Föstudagskvöld  
23:30



**Úr að neðan með Rottweiler**

„Þetta verður vanskapað. Við tókum Ísafjörð og Akureyri um síðustu helgi og nú förum við í rokkhosurnar. Við erum búnir að leggja einn eða tvo loka á Prikínu í gegnum tíðina, nú er kominn tími á Sódómu,“ segir Erpur Eyvindarson, einnig þekktur sem BlazRoca. Hljómsveitin XXX Rottweiler verður með tónleika á Sódómu klukkan 23:30 á föstudagskvöldið. Miðaverð er þúsund krónur og standa herlegheitin yfir langt frameftir nóttu. „Samfés var að setja strangar reglur um klæðaburð á dögnum. Það gerum við líka. Fólk má ekki vera í neinu að neðan á tónleikum,“ segir Erpur.

# fílófaxið

fimmtudag 10 feb laugardag 12 feb

**LIGHTS ON THE HIGHWAY**  
Café Rósenberg  
21:00 Hljómsveitin Lights on the Highway kemur saman á Rósenberg og hyggjast þeir syngja sig inn í hjörtu viðstaddra. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**THE JIMI HENDRIX PROJECT**  
Sódóma Reykjavík  
21:00 Tónleikar þar sem hljómsveitin The Jimi Hendrix Project flytur lög af plötunum Are You Experienced, Axis: Bold as Love og Electric Ladyland, sem allar eru úr smíðu Jimi Hendrix. Aðgangseyrir er 1.000 krónur en aðeins verður tekið við reiðufé.

## föstudag 11 feb

**GRETA SALÓME OG FÉLAGAR**  
Café Rósenberg  
22:00 Fíðuleikarinn Greta Salóme Stefánsdóttir blæs til tónleika ásamt 15 manna fylgdarliði. Þar verður flutt ýmis konar tónlist, til dæmis kántrí, sígaunatonlist og djass, en einnig verða nokkur lög sungin. Miðaverð er 1.500 krónur.



**STÓRTÓNLEIKAR TIL STYRKAR VINI**  
Faktorý  
23:00 Hljómsveitin Who Knew blæs til tónleika til styrktar vini sínum, Péttri Kristjáni Guðmundssyni, sem nýlega lenti í alvarlegu slysi og er í endurhæfingu á Grensásdeild. Þeir njóta líðsinnis félaganna í Retro Stefson og Of Monsters and Men. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**SÖNGVAKEPPNIN Á STÓRA SKJÁNUM**  
Prikíð  
20:20 Prikíð er með puttann á púlsinum og sýnir beint frá úrslitum Söngvakeppni Sjónvarpsins á stóra skjánum. Að því loknu tekur DJ Danni Deluxe við.

**A BAND ON STAGE**  
Café Rósenberg  
22:00 Hljómsveitin A Band on Stage flytur blandað prógram þar sem meðal annars verða flutt lög eftir nokkra þekktustu tónlistarmenn í heimi. Hljómsveitin verður einnig með tónleika á sama stað á sunnudagskvöld klukkan 21. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**GLYMSKRATTINN: VAGG-ANDI OG VELTANDI**  
Sódóma Reykjavík  
22:00 Rockabilly'N'Roll-kvöld á vegum X-ins 977 á Sódómu þar sem fram koma The 59's, Langi Selur & Skuggarnir, Blues Willis, Arnar Ingi (The Johnny Cash Kid) og DJ Óli Dóri. Fjöröð hefst klukkan 22.

**AFMÆLI TECHNO.IS**  
Faktorý  
00:00 Techno.is heldur upp á sex ára afmæli sitt og á sama tíma fer fram árslistakvöld þeirra. Fram koma Exos, Balrock (Plugg'd), A.T.L., Invert, Richard Cuella, Danni Bigroom og fleiri. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.



**PÁLL ÓSKAR Á NASA**  
Nasa  
00:00 Nasa fagnar 10 ára afmæli sínu á þessu ári og stendur af því tilefni fyrir afmælistónleikaröð. Fyrsti listamaðurinn er poppstjarna Íslands, Páll Óskar Hjálmtýsson, sem mun syngja öll sín heitustu lög og þeyta skífum um nóttina. Miðaverð 1.000 krónur og bjórinn á 500 kall.

**Bólurnar burt!**

„Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt... síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®“

Vanessa Williams

proactiv SOLUTION


www.heilsubudin.is

# LOKAPRÓFIÐ

| 10. febrúar 2011 |

**MONITOR skólinn**

Ég heiti Niels Thibaud Larsen Eiginhandararitunin mín lítur svona út:



Þú veist hver ég er af því að því og og Þorndsen kynturast


Sælir, Nilli og ég var að benga

a) Chicks  
b) Dicks  
c) \_\_\_\_\_

Draumaviðmælandinn minn er

a) Ólafur Ragnar Grímsson  
b) Beyoncé Knowles  
c) Jay Leno  
d) Ross the Intern  
e) \_\_\_\_\_

Af því að Hún syngur eins og engill



Vinir mínir kalla mig Nilli stóri Þorndsenkú, minni var ég kalli en þú mátt kalla mig Willuclina

Besti íslenski rapparinn fyrir utan mig er

a) Erpur  
b) Dabbi T  
c) Emmisjé Gauti  
d) Bent  
e) \_\_\_\_\_

Af því að JCF elskum sama hlut MEELUR

Það sem fáir vita um mig er Ég nota 100% brilliantu ekkert di:fi kjefstóði

Af eftirfarandi íþróttum er ég bestur í

a) Handbolta.  
b) Fótbolta.  
c) Blaki.  
d) Körfubolta.  
e) Glímu.

Kvikmynd um ævi mína myndi heita Lif og starf velarinnar og ég myndi vilja fá \_\_\_\_\_ til að leika mig en líklega yrði það samt Baltasar Kormákur

Það besta við frægðina er ÉJ banga Chicks ekki spurninga og að x t:ts

Það skrytnasta sem ég hef lent í síðan ég varð þekktur er ARUM OTABOD til Ásgaís íþróttfréttamans en það var votta gaman

SATT OG ÓSATT:

Ég æfði einu sinni ballett  S  Ó

Ég hef gaman af Eurovision  S  Ó

Ég sef oft yfir mig  S  Ó





Ég á yfir 50 grúppiur  S  Ó

Ég tek yfir 50 kíló í bekk  S  Ó

Uppáhaldsmaturinn minn er Kellingurinn herra helgu Þræku

en ég kúgast við tilhugsunina um að borða London lamb með öafengfi vinsösu

Ef ég mætti gera einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Mamma og elska þig

## Síðast en ekki síst

» **Valdimar Guðmundsson**, tónlistarmaður, fílar:

**Kvikmynd** Ég verð eiginlega að fá að nefna tvær myndir. Það eru myndirnar **City of God** og **Eternal Sunshine of the Spotless Mind**. Sú fyrri er bara eitthvað svo góð og sú seinni er bara eitthvað svo yndisleg.

**Sjónvarpsþáttur** Breska og upprunalega útgáfan af **The Office** er bara það besta sem nokkur maður á þessari plánetu hefur gert. Aldrei hefur nokkur þáttur fengið mig til að hlæja jafn mikið og líða jafn illa á sama tíma.

**Bók** Ég verð bara að viðurkenna það að ég hef ekki lesið bók í mörg ár. En ég var alltaf mjög hrifinn af **Dagbók Berts** þegar ég var yngri og átti allar bækurnar.

**Plata** For Emma, Forever Ago með **Bon Iver**. Ég fæ bara ekki nóg af þessari plötu. Get alltaf hlustað á hana. Ég þurfti aðeins að melta hana, en eftir það var ég farinn að engjast með greynu honum Justin Vernon.

**Vefsíða** Ég skoða **Youtube.com** alveg ofboðslega mikið og get gleymt mér í marga klukkutíma að horfa á kisuvídjó, hlajandi krakka og fyndin nagdýr. Ég stunda **Facebook** líka syndsamlega mikið og ætti í raun bara að skammast mín.

**Staður** Paddy's í Keflavík. Einstaklega þægilegt andrúmsloft sem minnir á **Cheers** því allir þekkja alla. Líka mjög skemmtilegur tónleikastaður. Myndast yfirleitt rosalega góð stemming á tónleikum.










AMERICAN EXPRESS OG KANINN KYNNA:



Einar Ágúst frá 10:00  
alla virka morgna

Þor Bæring frá 07:00  
alla virka morgna

STILLTU STRAX Á  
KANANN FM100.5  
FINNDU FERSKLEIKANN!

facebook

# VIÐ GEFUM ÞÉR MÖRG HUNDRUÐ ÞÚSUND KRÓNUR ALLAN FEBRÚAR

Í NÆSTU VIKU OG ÞAR NÆSTU VIKU OG ÞAR, ÞAR NÆSTU  
VIKU OG SVO VIKUNA EFTIR ÞAÐ OG EKKI NÓG MEÐ ÞAÐ  
HELDUR VIKUNA Í KJÖLFARIÐ Á ÞVÍ LÍKA !!

HÆTTU AÐ LESA NÚNA OG STILLTU Á KANANN FM100.5



## KANINN FM 100.5

KANINN - BESTA TÓNLISTIN, FRÉTTIR OG SKEMMTILEGASTA FÓLKID  
SKEIFAN 7 · 3. HÆÐ · 108 REYKJAVÍK · 571 1110 · KANINN@KANINN.IS

Samsung GALAXY 5



**Vertu með Netið  
í símanum!**  
**0 kr. á föstudögum í febrúar.\***

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ

\*Míðast við notkun innanlands, 100 MB innan dagsins.